

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. maí 2010 í máli nr. S-250/2010:

### Ákærvaldið

*(Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**David Erik Crunkleton,**

*(Haukur Örn Birgisson hdl.)*

**Dröfn Erlingsdóttur,**

*(Einar Hugi Bjarnason hdl.)*

**Suphab Chaisena**

*(Bjarni Hauksson hrl.)*

**og**

**Þorleifi Fannari Leóssyni**

*(Hjálmar Blöndal hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 27. apríl sl., er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 31. mars 2010 á hendur David Erik Crunkleton, kennitala 000000-0000, Bretlandi, Dröfn Erlingsdóttur, kennitala 000000-0000, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, Suphab Chaisena, kennitala 000000-0000, Skeljanesi 6, Reykjavík, og Þorleifi Fannari Leóssyni, kt. 000000-0000, Blönduhlíð 12, Reykjavík, fyrir eftirtalin hegningar- og fíkniefnalagabrot, framín á árinu 2009, nema annað sé tekið fram:

I.

Gegn ákærðu David Erik og Suphab fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa sunnudaginn 27. desember staðið saman að innflutningi á 817,54 g af kókaíni frá Dómíníska lýðveldinu, um Bandaríki Norður Ameríku, til Íslands, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Ákærðu földu fíkniefnin í líkama sínum og fluttu þau þannig til landsins til Keflavíkurflugvallar, ákærðu Subhab sem farþegi með flugi FI-614 frá New York og ákærði David Erik sem farþegi með flugi FI-630 frá

Boston. Ákærði David Erik lagði á ráðin um innflutning fíkniefnanna, þar með talið fjármögnun og ferðatilhögun, fékk meðákærðu Suphab til verksins, sótti fíkniefnin hjá óþekktum manni í Dóminíska lýðveldinu og afhenti ákærðu Suphab hluta þeirra á hótélherbergi í sama landi. Eftir komuna til landsins fóru ákærðu saman að Hótel Fróni, Laugavegi 22a, Reykjavík, og fjarlægðu þar fíkniefnin úr líkömum sínum. Fíkniefnin fundust svo við leit lögreglu mánudaginn 29. desember á dvalarstað ákærða David Erik að Snorrabraut 36 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001.

## II.

Gegn ákærða David Erik fyrir eftirtalin brot:

1. Peningaþvætti, með því að hafa aflað sér ávinnings að fjárhæð kr. 1.200.000 með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fíkniefna sem ákærði flutti sjálfur til landsins frá Bandaríkjunum Norður Ameríku á árunum 2008 - 2009, en hann lét svo afhenda meðákærðu Dröfn peningana til geymslu að Rauðarárstíg 3 í Reykjavík í desembermánuði, sbr. ákærulið IV/1.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, sbr. áður 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997.

2. Fíkniefnalagabrot, framin þriðjudaginn 29. desember á bifreiðastæði í Skeifunni í Reykjavík:

2.1. Afhent meðákærðu Dröfn 5,35 g af kókaíni, sem var hluti af þeim fíkniefnum sem greinir í ákærulið I. auk 2,94 g af marihúana, er ákærðu voru stödd í bifreið ákærða.

2.2. Skömmu síðar, við verslun B.T., afhent meðákærða Þorleifi Fannari um 6 g af kókaíni sem var hluti af þeim fíkniefnum er greinir í ákærulið I., í sölu- og dreifingarskyni.

Teljast brot þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr.

reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

### III.

Gegn ákærða Þorleifi Fannari fyrir eftirtalin brot:

1. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudagskvöldið 29. desember á dvalarstað sínum að Árakri 5 í Garðabæ, haft í vörslum sínum 13,28 g af kókaíni ætluðu til sölu og dreifingar, sem lögreglan fann við húsleit og við leit á ákærða, þar af 6 g af sama efni sem ákærði móttók frá meðákærða David Erik þann 29. desember á bifreiðastæði í Skeifunni í Reykjavík, sbr. ákærulið II/2.2.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni.

2. Peningaþvætti, með því að hafa í desembermánuði afhent meðákærðu Dröfn kr. 1.200.000 í reiðufé til geymslu að Rauðarárstíg 3 í Reykjavík, sem hann vissi að var ávinningur meðákærða David Erik af innflutningi og sölu fíkniefna hér á landi, sbr. ákærulið IV/1.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, sbr. áður 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997.

### IV.

Gegn ákærðu Dröfn eftirtalin brot:

1. Peningaþvætti, með því að hafa í desembermánuði á heimili sínu að Rauðarárstíg 3 í Reykjavík móttekið kr. 1.200.000 í reiðufé sem hún vissi að voru ávinningur meðákærða David Erik af innflutningi og sölu fíkniefna hér á landi, geymt peningana á heimili sínu, þar til peningarnir fundust við húsleit lögreglu á heimili

hennar mánudaginn 30. desember.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, sbr. áður 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997.

2. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 29. desember móttengið 5,35 g af kókaíni og 2,94 g af maríhúana frá meðákærða David Erik á bifreiðastæði í Skeifunni í Reykjavík, sbr. ákærulið II/2.1 og haft fíkniefnin í vörslum sínum á heimili sínu á sama tíma og greinir í ákærulið IV/1, sem ákærða framvísaði lögreglu við húsleit.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni.

Ákærvaldið gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að ákærðu verði dæmd til refsingar.
2. Að ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar.
3. Að framangreind 836,17 g af kókaíni og 2,94 g af maríhúana, sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.
4. Að samtals kr. 1.200.000 í reiðufé sem fannst við húsleit að Rauðarárstíg 3 í Reykjavík, sbr. ákærulið IV/1 verði gerðar upptækar með vísan til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áður 3. mgr. 69. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1980, og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Verjandi ákærða David Erik Crunkleton gerir þær dómkröfur að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og að gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar refsingu. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun.

Verjandi ákærðu Suphab Chaisena krefst þess að ákærðu verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa, sem jafnframt verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá komi gæsluvarðhaldsvist sem ákærða sætti við rannsókn málsins til frádráttar dæmdri refsingu. Loks krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa.

Verjandi ákærða Þorleifs Fannars Leóssonar gerir þær dómkröfur að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa vegna háttsemi sem lýst er í ákærulið III.1, en sýknaður af ákærulið III.2. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa.

Verjandi ákærðu Drafnar Erlingsdóttur gerir þær dómkröfur að ákærða verði sýknuð af ákærulið IV.1. Vegna ákæruliðar IV.2 er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa, sem jafnframt verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun.

## Málsatvik

Samkvæmt gögnum málsins hafði lögregla eftirlit með ákærðu Þorleifi Fannari Leóssyni og David Erik Crunkleton síðla árs 2009 vegna grunsemda um að þeir stæðu að innflutningi og sölu fikniefna. Þann 27. desember 2009 kom David til landsins með flugi frá Boston. Sama morgun kom ákærða Suphab Chaisena einnig til landsins með flugi frá New York. Þann 29. desember fylgdu lögreglumenn David eftir þar sem hann ók um á bifreið sem ákærða Dröfn Erlingsdóttir var skráður eigandi að, en Dröfn var farþegi í bifreiðinni. Á bifreiðastæði við verslunina BT í Skeifunni steig David út úr bifreiðinni og hitti þar Þorleif Fannar. Sást hvar Þorleifur Fannar afhenti David hvítan poka. Ók David því næst bifreiðinni að heimili Drafnar við Rauðarárstíg þar sem Dröfn yfirgaf bifreiðina og hafði poka meðferðis, en David ók bifreiðinni áfram að Snorrabraut 36. Voru David og Suphab í kjölfarið handtekin í íbúð í húsinu þar sem þau höfðu dvalist um hríð. Við leit í íbúðinni fundust ætluð fikniefni, sem vógu samtals 816,5 grömm. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði reyndust sýni úr efninu sem haldlagt var innihalda kókaín.

Sama kvöld voru Þorleifur Fannar og Dröfn handtekin á heimilum sínum. Í íbúð Þorleifs fundust 12,29 grömm af kókaíni, auk þess sem 0,99 grömm af sama efni fundust í buxnavasa ákærða. Í íbúð Drafnar fundust 5,34 grömm af kókíni og 2,94 grömm af marihuana. Þá fundust 1.200.000 krónur í reiðufé í fataskáp í herbergi sem Przemyslav Jacek Baier hafði til afnota í íbúðinni.

Ákærðu David, Þorleifur Fannar og Dröfn játa sök samkvæmt ákæruliðum II.2.1 og II.2.2, III.1 og IV.2. Hér á eftir verður rakinn framburður ákærðu og vitnisburður fyrir dómi að því er varðar aðra ákæruliði. Verður framburður ákærðu hjá lögreglu reifaður jafnhliða eftir því sem efni eru til, en skýrslur þeirra voru teknar upp á hljóð- og myndband og eru upptökur meðal gagna málsins.

## *Ákæruliður I.*

Ákærði David Crunkleton játaði að hafa flutt 817,54 g af amfetamíni hingað til lands með þeim hætti sem lýst er í ákæru, en kvað innflutninginn ekki hafa verið í ágóðaskyni. Ákærði sagðist hafa skipulagt flutning fikniefnanna hingað til lands, en hann hefði ekki komið að fjármögnun eða skipulagningu að öðru leyti.

Ákærði lýsti samskiptum sínum við mann að nafni A, sem ákærði sagði skulda sér fé, en A hefði fengið ákærða til að fjárfesta í fyrirtæki sem hann hefði sagst reka. Hefði A sagst geta endurgreitt ákærða það fé sem hann hefði reitt af hendi með helmings hagnaði ef ákærði tæki að sér að flytja inn fikniefni fyrir hann. Hefði A jafnframt beitt ákærða þrýstingi með því að hóta að opinbera kynlífsmyndband þar sem ákærði kom við sögu. Hefði ákærði að tilhlutan A í tvígang flutt fikniefni hingað til lands, síðla árs 2008 og í ársbyrjun 2009. Hefði A lagt 1.260.000 krónur inn á bankareikning ákærða fyrir vikið. Hann hefði hins vegar enn átt peninga inni hjá A, sem hefði hvatt hann til að fara eina ferð enn með fikniefni. Hefði A haft í hótunum við hann vegna þessa og hefðu hótanirnar m.a. beinst að Suphab, kærustu ákærða. Ákærði sagði þau Suphab hafa farið til Florida í byrjun desember 2009 og hefðu þau upphaflega ætlað að vera þar í fríi. Hann hefði hins vegar verið í símasambandi við A sem hefði þrýst á hann að sækja fyrir sig pakka með kókaíni til Dóminíska lýðveldisins. Ákærði sagðist hafa óttast um öryggi þeirra Suphab og því ákveðið að gera þetta. Hefðu þau Suphab haldið til Dóminíska lýðveldisins og dvalist þar í hótélíbúð skammt frá Puerto Plata. Hefði hann ekki sagt Suphab hver væri tilgangur ferðarinnar. Ákærði sagðist hafa farið til Puerto Plata og sótt fikniefnin eins og lagt hefði verið fyrir hann. A hefði verið búinn að ganga frá greiðslu fyrir fikniefnin. Hann hefði sótt þau á mótél. Pakkinn hefði verið falinn undir koddá í svefnherbergi. Herbergið hefði verið mannaust og hann hefði engan hitt. Hann hefði tekið pakkann með sér í hótélíbúðina þar sem þau Suphab dvöldust. Fikniefnunum hefði verið pakkað í plastumbúðir og hefðu sumar pakkningarnar verið þannig að þær átti að gleypa, en öðrum átti að koma fyrir í holrými líkamans. Ákærði sagðist hafa skipulagt heimferðina þannig að þau Suphab flygju hvort með sinni flugvélinni til Íslands. Hann hefði ekki viljað flækja Suphab í þetta mál. Daginn fyrir brottför hefði hann byrjað að gleypa pakkningarnar með fikniefnunum. Hann hefði hins vegar ekki getað komið öllu efninu niður. Því hefði hann beðið Suphab um að flytja það sem eftir var af efninu og hefði hún fallist á það. Hún hefði komið fikniefnunum fyrir í líkama sínum. Þau hefðu verið á hótélherberginu þegar þetta átti sér stað. Ákærði lýsti því næst heimferðinni. Þau Suphab hefðu komið til Keflavíkur hvort með sínu flugi að morgni 27. desember. Þau hefðu leigt herbergi á Hótel Fróni í Reykjavík, þar sem þau losuðu fikniefnin úr líkómum sínum. Síðan hefðu þau farið með fikniefnin í íbúðina við Snorrabraut.

Ákærði sagði það hafa verið ákveðið á síðustu stundu að Suphab flytti fikniefni til Íslands. Hún hefði gert það fyrir hann vegna þess að hún var kærastan hans og hann bað hana um það. Hann hefði sagt henni að hann myndi flytja miklum sársauka og að hann væri í miklum vanda ef hann gæti ekki flutt fikniefnin. Hann hefði haft mikinn iðraverk þar sem hann hefði verið búinn að gleypa svo mikið af fikniefnum og hefði hann sagt Suphab frá því. Hún hefði verið hrædd þar sem hann hefði sagt henni að ef þetta tækist ekki væri hann í miklum vanda og hættu. Hún hefði falið í líkama sínum fikniefni sem pakkað var í tvær kúlur á stærð við golfbolta. Ákærði giskaði á að þetta hefðu verið tæplega 15% af heildarmagni fikniefnanna.

Ákærði sagðist hafa greitt allan ferðakostnað þeirra Suphab. Hann hefði keypt flugmiða og pantað hótélherbergi eftir fyrirmælum A. Hann hefði átt að afhenda A, eða fulltrúa hans, fikniefnin eftir að þau komu til landsins, en verið handtekinn áður en af því varð.

Ákærða Suphab Chaisena neitaði sök við þingfestingu málsins og kvaðst ekki hafa staðið að innflutningi með meðákærða David. Þá gerði ákærða athugasemd við magn fíkniefna sem tilgreint er í ákæru og hafnaði því að hafa flutt efnin til landsins í ágóðaskyni. Ákærða sagði þau David hafa farið saman í frí til Florida og Dóminíska lýðveldisins. Hún hefði ekki haft vitneskju um fíkniefnin fyrr en rétt áður en þau ætluðu heim. David hefði beðið hana um að flytja pakka með fíkniefnum og hefði hún samþykkt að hjálpa honum. Hún hefði ekki vitað um hvers konar fíkniefni var að ræða. Hún hefði ekkert fengið greitt fyrir þetta. David hefði beðið hana að koma með í þessa ferð og hann hefði greitt ferðakostnað þeirra beggja. Ákærða sagðist ekki hafa vitað að David var sjálfur að flytja fíkniefni til Íslands. Þá hefði hún ekki vitað hvaða magn fíkniefna hún flutti. Þetta hefðu verið tvær kúlulaga pakkningar á stærð við tómát. Ákærða sagðist ekki hafa reiknað með því að fá greitt fyrir að flytja fíkniefnin, en hins vegar hefði ákærði, sem væri kærasti hennar, aðstoðað hana fjárhagslega, t.d. með því að greiða fyrir hana leigu og því um líkt.

Vitnið Jakob Kristinsson gaf skýrslu fyrir dóminum, staðfesti matsgerð sem hann hafði unnið og gerði grein fyrir niðurstöðum um styrkleika efnissýna sem rannsókuð voru.

Vitnið Reynir Karl Sverrisson kom fyrir dóminn og lýsti samskiptum sínum við ákærða og A. Vitnið sagði A hafa sagt sér að hann ætti von á fíkniefnasendingu með aðstoð Davids og myndi hann nota andvirði fíkniefnanna til að greiða skuld sína við vitnið og fleiri. Sagðist Reynir hafa verið vitni að því að þeir A og David rifust vegna þessara mála og að A hefði haft í hótunum við David tækist hann ekki þessa ferð á hendur.

Vitnið Kjartan Ægir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður sagði A hafa verið yfirheyrðan vegna framburðar ákærða Davids um þátt hans í málinu. Rannsókn lögreglu hefði hins vegar ekki leitt í ljós tengsl A við innflutning fíkniefnanna sem um ræðir. Meðal gagna málsins eru lögregluskýrslur sem teknar voru af nefndum A við rannsókn málsins, sem vitnið vísaði til.

### *Ákæruliðir II.1, III.2 og IV.1.*

Ákærði David sagði þær 1.200.000 krónur sem haldlagðar voru á heimili Drafnar vera peninga sem hann hefði beðið Þorleif Fannar að fara með til hennar. Hann hefði skuldað Dröfn næstum 1.000.000 króna vegna bankaláns sem hún hefði tekið fyrir hann á sambúðartíma þeirra. Hann hefði átt þetta fé inni hjá Þorleifi Fannari og beðið hann um að koma því til Drafnar. Ákærði sagðist hafa gert ráð fyrir því að Þorleifur Fannar hefði fengið þetta fé við að selja fíkniefni. Þá sagðist ákærði hafa dvalið á Margarita Island sumarið 2009 og hefði hann aðstoðað Þorleif Fannar við að komast í samband við aðila þar sem útveguðu honum fíkniefni. Hann hefði látið Þorleifi Fannari þessar upplýsingar í té gegn því að hann myndi gera eitthvað fyrir ákærða í framtíðinni. Féð sem um ræðir hefði verið greiðsla fyrir þessa aðstoð sem hann veitti Þorleifi Fannari.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 7. janúar sl. kom fram hjá ákærða að hann hefði skuldað Dröfn fé vegna láns sem hún hefði tekið fyrir hann. Hefði lánið numið 800.000 krónum á sínum tíma og hefði hann ætlað að greiða það til baka með vöxtum. Að auki hefði hann sjálfur átt um 400.000 krónur af fénu, sem Dröfn hefði átt að geyma fyrir hann. Sagði ákærði í fyrstu að peningarnir hefðu verið hjá Dröfn í einhver ár. Síðar sagðist hann hafa látið Dröfn fá peningana í desember 2009 áður en hann fór til Bandaríkjanna. Ákærði sagðist hafa fengið hluta af þessum peningum frá A. Þá hefði hann fengið lánaða peninga hjá vini sínum í Bandaríkjunum. Fyrir dómi sagði ákærði það rétt sem kæmi fram í skýrslu hans hjá lögreglu að peningarnir sem fundust á heimili Drafnar hefðu verið ætlaðir til greiðslu á láni sem móðir Drafnar hefði tekið fyrir hann vegna bifreiðakaupa árið 2004. Hefði endurgreiðslan átt að nema nálægt 1.000.000 króna.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 15. janúar sl. var ákærða kynnt að Þorleifur Fannar hefði sagst hafa afhent Dröfn þetta fé. Ákærði staðfesti þá að það væri rétt. Ákærða var kynntur framburður Þorleifs Fannars um að peningarnir væru afrakstur sölu fíkniefna sem ákærði hefði flutt til landsins. Sagði ákærði það ekki vera rétt, heldur væru þessir peningar afrakstur sölu fíkniefna sem Þorleifur Fannar hefði komið með til landsins. Þá væri rangt sem komið hefði fram hjá Þorleifi Fannari að hann hefði fengið þessa peninga hjá aðilum sem hefðu selt fíkniefni fyrir David. Ákærði var spurður að því fyrir dóminum hvort hann hefði vitað til þess að peningarnir væru andvirði fíkniefnasölu. Sagðist ákærði ekki hafa haft staðfestar upplýsingar um það, en grunað að svo gæti verið.

Ákærði Þorleifur Fannar Leósson sagðist hafa farið með þessar 1.200.000 krónur til Drafnar að beiðni Davids. Þetta hefðu verið peningar sem hann skuldaði David. Hann hefði fengið þá að láni annars staðar til að geta greitt David. Þetta fé væri ekki tilkomið vegna sölu fíkniefna. Ákærði sagðist ekki muna hvenær í desember hann kom fénu til Drafnar. Hann hefði beðið Dröfn um að geyma þessa peninga fyrir David.

Ákærði kannaðist við að hafa farið til Margarita Island síðla sumars 2009 og fengið þar afhent 165 g af kókaíni, sem hann hefði flutt hingað heim. Hefði David aðstoðað hann við að útvega efnið ytra. Ákærði sagðist hafa selt fíkniefnin eftir að heim kom og greitt fyrir þau eftirá.

Borið var undir ákærða það sem komið hafði fram hjá honum við skýrslutöku hjá lögreglu 14. janúar sl., að peningarnir sem hann hefði afhent Dröfn væru tilkomnir vegna sölu á fíkniefnum sem David hefði áður komið með til landsins. Fyrir dómi sagði ákærði þetta ekki hafa verið rétt. Þetta hefði verið löng skýrslutaka og allt farið að renna saman hjá sér. Hann hefði ekki skýringar á því hvers vegna hann sagði þetta við skýrslutökuna.

Ákærða Dröfn Erlingsdóttir sagði peningana sem haldlagðir voru á heimili hennar vera fé sem David hefði skuldað sér. Hún hefði lánað honum fé til bifreiðakaupa þegar þau bjuggu saman á árinu 2004. Þorleifur Fannar hefði komið með þessa peninga til hennar í byrjun desember. Hún sagðist ekki vita hvernig þessir peningar voru tilkomnir. Ákærða sagðist hafa falið peningana af „paranoju“ þegar hún vissi að von var á lögreglu, en hún hefði verið hrædd um að lögreglan myndi stela þeim af henni. Aðspurð sagðist hún ekki hafa lagt peningana inn í

banka vegna þess að hún treysti ekki bönkum. Þá sagðist hún ekki vita til þess að peningarnir væru tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Ákærða tók fram að hún ætti við andleg veikindi að stríða og hefði þjáðst af ranghugmyndum og þunglyndi.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. desember sl., sagði ákærða lögreglu hafa haft símasamband við sig eftir miðnætti og viljað að hún kæmi að sækja bifreið sína, sem David hefði haft til umráða þegar hann var handtekinn. Sagðist hún þá hafa vitað að lögreglan myndi koma á heimili hennar. Hún hefði tekið peningana og beðið meðleigjanda sinn Premyslav um að geyma þá fyrir sig. Hún teldi þetta hafa verið í kringum 1.000.000 króna og hefði hún verið að geyma þessa peninga fyrir David. Spurð um þetta fyrir dómi sagðist ákærða ekki hafa munað á þessu augnabliki að David skuldaði henni fé.

Vitnið Przemyslav Jacec Baier sagði Dröfn hafa beðið sig um að geyma peningana sem haldlagðir voru vegna þess að hún hefði vitað að lögreglan var á leiðinni. Hann hefði orðið við beiðni hennar og geymt peningana inni í skáp í herbergi sínu.

Vitnið Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður lýsti aðkomu sinni að málinu, en hann annaðist húsleit á heimili ákærðu Drafnar. Ekki er ástæða til að rekja framburð vitnisins.

## Niðurstaða

### *Ákæruliður I.*

Ákærði David Eric Crunkleton játar að mestu leyti sök samkvæmt I. ákærulið. Hann kveðst þó ekki hafa flutt fíkniefnin til landsins í ágóðaskyni og ekki hafa komið að því að fjármagna kaup þeirra. Þegar litið er til þess magns fíkniefna sem ákærði flutti til landsins ásamt ákærðu Suphab verður því slegið föstu að efnin hafi að verulegu leyti verið ætluð til sölundreifingar hér á landi, enda hefur ákærði ekki borið því í mót. Svo sem rakið hefur verið hefur ákærði jafnframt borið að andvirði sölu fíkniefnanna hefði átt að renna til hans, en hann hafi verið peningalaus vegna misheppnaðra fjárfestinga. Þykir samkvæmt þessu sannað að ákærði hafi flutt fíkniefni til landsins í ágóðaskyni. Ákærði hefur viðurkennt að hafa alfarið skipulagt ferðatilhögun þeirra Suphab Chaisena. Hann hefur jafnframt borið að hafa greitt allan ferðakostnað þeirra, s.s. vegna flugferða, hótalgistingar og upphalds. Hefur Suphab borið á sama veg og ákærði um þessi atriði. Þykir með þessu sannað að ákærði hafi komið að fjármögnun innflutnings fíkniefnanna svo sem lýst er í ákæru. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa fengið Suphab til að flytja hluta efnisins, eins og þar er rakið, og ber Suphab á sama veg um það. Ákærði hefur borið að hann hafi tekist á hendur innflutning fíkniefnanna vegna þrýstings sem hann hafi orðið fyrir af hálfu nafngreinds manns. Jafnvel þótt lagt yrði til grundvallar að atvik að þessu leyti hefðu verið með þeim hætti sem ákærði lýsir myndi það þó hvorki leysa hann undan refsingu í málinu né leiða til refsilækkunar.

Ákærða Suphab neitar sök. Ákærða viðurkennir að hafa flutt fíkniefni til landsins, en segir það ekki hafa verið í því magni sem í ákæru greinir. Þá hafi hún

ekki framið brotið í ágóðaskyni. Ákærðu ber saman um að Suphab hafi að beiðni David falið tvær pakkningar með fíkniefnum í líkama sínum og flutt hingað til lands svo sem lýst er í ákæru. Segist ákærða ekki hafa vitað að David flutti einnig fíkniefni í líkama sínum í umrætt sinn. Ákærði David lýsti því fyrir dóminum að hann hefði innbyrt fíkniefnin með erfiðismunum í sólarhring fyrir brottför þeirra frá Dóminíska lýðveldinu og hafi hann verið á hótélherbergi þeirra meðan á þessu stóð. Þá hefur David borið að Suphab hafi tekið að sér að flytja fíkniefni þar sem hann hefði sagt henni að hann fyndi fyrir miklum iðraverk eftir að hafa gleypst svo mikið af fíkniefnum. Þykir framburður Suphab um að henni hafi verið ókunnugt um þetta afar ótrúverðugur og verður honum hafnað. Þegar litið er til þess magns fíkniefna sem ákærðu fluttu til landsins gat Suphab ekki dulist að fíkniefnin væru ætluð til söludreifingar hér á landi og að innflutningurinn væri þannig í ágóðaskyni.

Samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærðu hafi staðið að innflutningi fíkniefnanna sem um ræðir til landsins með þeim hætti sem lýst er í ákæru og telst háttsemi þeirra þar rétt færð til refsíákvæða.

#### *Ákæruliðir II.1., III.2. og IV.1.*

Ákærðu, David, Þorleifur Fannar og Dröfn, játa sök samkvæmt ákæruliðum II.1, III.2 og IV.1. Með vísan til játningar ákærðu, sem samrýmist gögnum málsins, verða ákærðu sakfelld samkvæmt þessum liðum ákæru og er háttsemi þeirra þar rétt færð til refsíákvæða.

#### *Ákæruliðir II.2.1 og 2.2, III.1 og IV.2.*

Ákærðu hafa gefið misvísandi skýrslur um tilurð þess fjár sem fannst á heimili Drafnar og um það hver var eigandi þess.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 14. janúar sl. bar Þorleifur Fannar að hann hefði farið með peningana sem um ræðir til Drafnar að beiðni Davids og hefði verið um að ræða afrakstur sölu fíkniefna sem David hefði flutt hingað til lands. Þá bar Dröfn við skýrslutöku 30. desember sl. að hún hefði verið að geyma þessa peninga fyrir David. Ákærði David bar á hinn bóginn við skýrslutöku hjá lögreglu 7. janúar sl. að um væri að ræða fé sem hann hefði skuldað Dröfn. Hefði hann fengið hluta af því frá A, en hluta hefði hann fengið að láni hjá félaganum í Bandaríkjunum. Við skýrslutöku 15. janúar sl. sagði ákærði það hins vegar rétt að Þorleifur Fannar hefði komið þessum peningum til Drafnar og væru þeir afrakstur sölu fíkniefna sem Þorleifur Fannar hefði flutt til landsins. Ákærði bar á sama veg um þetta fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, en tók fram að hann hefði grunað að um afrakstur fíkniefnasölu væri að ræða, en hefði ekki staðfestar upplýsingar um það. Þá báru Þorleifur Fannar og Dröfn að um hefði verið að ræða peninga sem David skuldaði Dröfn. Gaf Dröfn þá skýringu á breyttum framburði sínum að hún hefði ekki munað eftir því við skýrslutöku hjá lögreglu að David skuldaði henni fé. Þorleifur Fannar sagði jafnframt að ekki væri rétt sem hefði komið fram hjá honum við skýrslutöku hjá lögreglu að um afrakstur fíkniefnasölu hefði verið að ræða. Hann hefði sagt þetta vegna þess að skýrslutakan hefði tekið langan tíma og hefði

allt verið farið að renna saman hjá honum.

Þegar skýrslur ákærðu eru virtar þykir dóminum einsýnt að þau hafi samræmt framburð sinn fyrir dómi. Ákærði David hefur viðurkennt að hafa í tvígang síðla árs 2008 og snemma árs 2009 flutt fíkniefni hingað til lands. Ákærði Þorleifur Fannar bar við skýrslutöku hjá lögreglu að féð sem hann fór með til Drafnar hefði verið afrakstur sölu fíkniefna sem David hefði flutt hingað til lands og að Dröfn hefði átt að geyma þessa peninga fyrir David. Dröfn bar á sama veg við skýrslutöku, að hún hefði verið að geyma þetta fé fyrir David. Bar skýrslum ákærðu Þorleifs Fannars og Drafnar hjá lögreglu því saman í aðalatriðum. Skýrslur ákærða Davids hjá lögreglu voru hins vegar misvísandi og í andstöðu við skýrslur meðákærðu. Ákærðu Þorleifur Fannar og Dröfn hafa ekki gefið trúverðuga skýringu á breyttum framburði sínum fyrir dómi. Þykir sá framburður ótrúverðugur og verður ekki á honum byggt. Að virtum framburði Þorleifs Fannars og Drafnar hjá lögreglu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að féð sem um ræðir hafi verið afrakstur sölu fíkniefna sem ákærði David flutti hingað til lands og að Þorleifur Fannar hafi komið þeim peningum til geymslu hjá Dröfn. Ákærða Dröfn hefur lengi verið í nánú sambandi við David og liggur fyrir í málinu að hún hefur fengið afhent fíkniefni frá honum. Þykir sýnt að henni hafi ekki getað dulist tilurð fjárens sem Þorleifur Fannar afhenti henni til geymslu fyrir David, enda voru þau viðbrögð hennar, að hlutast til um að fela peningana þegar hún vissi að von væri á lögreglu, til marks um að hún hafi vitað að um afrakstur fíkniefnaviðskipta var að ræða. Samkvæmt framansögðu verða ákærðu Þorleifur Fannar og Dröfn sakfelld samkvæmt ákæruliðum III.2 og IV.1 og telst háttsemi þeirra þar rétt færð til refsíákvæða.

Ákærða David er í ákærulið II.1 gefið að sök peningabætti með því að hafa aflað sér ávinnings með fíkniefnaviðskiptum svo sem nánar er rakið, sem hann hafi svo látið afhenda Dröfn í desember 2009. Með ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997 var mælt fyrir um refsingu fyrir viðtöku og öflun ávinnings af broti gegn almennum hegningarlögum, þ.m.t. fíkniefnabroti, og aðstoð við að umbreyta ávinningi í því skyni að fela ólöglegan uppruna hans. Annars vegar var því mælt refsivert að maður njóti ávinnings af broti *sem annar hefði framið* og hins vegar var lögð refsing við ýmsum aðferðum sem unnt er að viðhafa til að aðstoða við undanskot á ávinningi afbrota, án skilyrðis um að viðkomandi hefði nokkurn ábata af aðstoðinni. Nokkrar breytingar urðu á ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga með 7. gr. laga nr. 149/2009. Meðal annars er nú skýrt kveðið á um það í 2. mgr. 264. gr. að sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, þ.e. peningabætti, skuli sæta sömu refsingu og þar greinir og verði þannig um tvö sjálfstæð brot að ræða. Lög nr. 149/2009 tóku hins vegar ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010 og tekur ákvæðið því ekki til háttsemi sem ákærða David er gefin að sök í ákæru, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sýknaður af þessum ákærulið.

Ákærði David er fæddur í október 1966. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á refsingu. Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að hann flutti hingað til lands talsvert magn fíkniefna sem ætlað var til sölu í ágóðaskyni. Refsing verður tiltekin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega

ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar skal koma gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 30. desember 2009 til 15. janúar 2010.

Ákærða Suphab er fædd í janúar 1982. Ákærða hefur ekki sætt refsingu svo að vitað sé. Ákærða átti í ástarsambandi við ákærða David og verður við það miðað að hann hafi fengið hana til verknaðarins. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Til frádráttar refsingu skal koma gæsluvarðahald sem ákærða sætti frá 30. desember 2009 til 8. janúar 2010.

Ákærði Þorleifur er fæddur í janúar 1977. Samkvæmt sakavottorði var ákærði árið 1996 dæmdur í 45 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Þá var ákærða í þriggja gerð sektarrefsing fyrir fíkniefnabrot árin 2008 til 2009. Þann 28. janúar 2010 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Verður refsing því ákveðin sem hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður refsing tiltekin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en rétt þykir að ákveða að fullnustu 3 mánaða refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Dröfn er fædd í júlí 1973. Sakaferill hennar hefur ekki áhrif á refsingu. Refsing verður tiltekin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni eru upptæk gerð 836,17 g af kókaíni og 2,94 g af maríhúana.

Með vísan til 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áður 3. mgr. 69. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1980, og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, skal ákærði David sæta upptöku á 1.200.000 krónum í reiðufé, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði David greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hdl., 916.150 krónur og 255.692 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða Suphab greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 702.800 krónur og 177.733 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Þorleifur Fannar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjálmars Blöndal hdl., 476.900 krónur og 128.193 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða Dröfn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Huga Bjarnasonar hdl., 389.050 krónur.

Póknun lögmanna er ákvörðuð með virðisaukaskatti og er hún fyrir vinnu undir rannsókn málsins og dómsmeðferð.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Hulda María Stefánsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ:**

Ákærði David Erik Crunkleton sæti fangelsi í 18 mánuði en frá refsivist hans skal draga gæsluvarðhald frá 30. desember 2009 til 15. janúar 2010.

Ákærða Suphab Chaisena sæti fangelsi í 10 mánuði en frá refsivist hennar skal draga gæsluvarðhald frá 30. desember 2009 til 8. janúar 2010.

Ákærði Þorleifur Fannar Leósson sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu 3 mánaða refsingarinnar skal frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Dröfn Erlingsdóttir sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Upptæk eru gerð 836,17 g af kókaini og 2,94 g af marihúana.

Ákærði David sæti upptöku á 1.200.000 krónum sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði David greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hdl., 916.150 krónur og 255.692 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða Suphab greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 702.800 krónur og 177.733 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Þorleifur Fannar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hjálmars Blöndal hdl., 476.900 krónur og 128.193 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða Dröfn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Huga Bjarnasonar hdl., 389.050 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir